



SKÓLASKRIFSTOFA
SUÐURLANDS

Leiðarvísir

Þegar vísa á málum til sérfræðiþjónustu



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Grunur um seinþroska/almennir námserfiðleikar	2
Flýting	2
Seinkun	3
Gátlisti fyrir mál, tal og rödd	4
Úr stofnsamningi Skólaskrifstofu Suðurlands	5
Lestur og ritun	6
Stærðfræði	8
Upplýsingar um eðli mála sem vísað er til sálfræðipjónustu.	9
Hvers geta skólar á Suðurlandi vænst af Skólaskrifstofu Suðurlands?	12
Reglugerð um sérkennslu nr. 389 1996	15
Ýmsar upplýsingar úr lögum og reglugerðum:	15
Lög um grunnskóla nr. 66 1995	15
Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995	15
Aðstoð og þjálfun leikskólabarna	15

© Skólaskrifstofa Suðurlands

Bæklingur þessi er útgefinn af Skólaskrifstofu Suðurlands 2004 fyrir sunnlenska grunnskóla. Afritun og dreifing án leyfis óheimil.

INNGANGUR

Upplýsingarit þetta er ætlað kennurum sem eiga samskipti við Skólaskrifstofu Suðurlands vegna tilvísana sem þeir senda þangað. Markmið ritsins er að gera tilvísanir til skrifstofunnar markvissari og skýrari og tryggja að skólinn hafi sinnt tilvísunarefninu, eins mikið og honum er unnt, áður en tilvísunin er send skrifstofunni.

Skólaskrifstofu Suðurlands berast nokkur hundruð tilvísanir á hverju skólaári vegna einstaklinga eða námshópa. Tilvísendur eru forráðamenn, skólar og heilsugæsla. Í langflestum tilvikum sameinast skóli og heimili um að senda tilvísun. Síðasta skrefið áður en tilvísun er send skrifstofunni er útfylling tilvísunareyðublaðs. Þetta tilvísunareyðublað er hægt að nálgast á vefsíðu skrifstofunnar www.sudurland.is/skolasud

Reynsla Skólaskrifstofu Suðurlands er sú að það kemur fyrir að tilvísun til skrifstofunnar er ótímabær eða að hún á ekkert erindi til skrifstofunnar. Til dæmis kemur fyrir að nothæf gögn eru þegar til í skólanum um þann vanda sem verið er að vísa til skrifstofunnar. Einnig hafa kennarar skólans oft ráð og reynslu varðandi hvernig skynsamlegt er að taka á viðkomandi máli, en þeirra þekking er ekki nýtt. Loks kemur það fyrir að það sem beðið er um í tilvísuninni er alls ekki á starfssviði skrifstofunnar.

Áður en tilvísun er send þarf skólinn að ganga úr skugga um að þær bjargir, sem hann hefur til að sinna tilvísunarefninu, hafi verið reyndar.

Á næstu síðum eru gagnlegar upplýsingar um fagleg vinnubrögð við gerð tilvísana. Hér er einblínt á þá forvinnu sem skólinn þarf að leggja í áður en hann sendir frá sér tilvísun. Með því að fara eftir þessum leiðbeiningum verður samstarf skólans og Skólaskrifstofunnar markvissara, árangursríkara og ánægjulegra.



Grunur um seinþroska/almennir námserfiðleikar

Seinþroski er það þegar nemandi vikor marktæk í þroska frá því sem eðlilegt getur talist miðað við jafnaldra hans. Telja má frávik marktæk ef þroskinn er meira en einu ári á eftir því sem eðlilegt getur talist meðal jafnaldra.

Tilvísun af þessu tagi er hægt að rökstyðja sem frávik í máltjáningu eða málskilningi; gróf- eða fínhreyfiþroska. Einnig getur verið um að ræða marktæk frávik varðandi rök- hugsun, minni, ályktunarhæfni, skilning á orsakasam- böndum og tímaröðun atburða, skilningi á tilgangi ýmissa fyrirbæra þjóðfélagsins, siðgæðisþroska og félagsþroska.



Erfiðleikar nemandans birtast sem slök geta í fleiri en einni námsgrein og eru ekki eingöngu bundnir við getu í bóklegum greinum.

Áður en Skólaskrifstofu er send tilvísun vegna gruns um seinþroska þarf skólinn að hafa gert samanburð á getu eða þroska nemandans á þeim þáttum sem við er átt og með þeim mælingum sem eru skólanum tiltækar. Í því sambandi má nota árangur á samræmdum prófum, skólaprófum eða öðrum verkefnum s.s. teikniverkefni Tove Krogh, hópathugunum í lestri og mati á hreyfiþroska.

Miðað við skilgreininguna á seinþroska má ætla að einhverra einkenna hafi orðið vart í leikskóla. Ef innan við tvö ár eru liðin frá lokum leikskólagöngu á skólinn að gera fyrirspurn til leikskólans um barnið áður en tilvísun er send Skólaskrifstofunni. Ætíð þarf samþykki foreldra til að flytja trúnaðarupplýsingar milli skóla.

Tilvísuninni þurfa að fylgja upplýsingar um hvort/hvaða sérfræðingar hafi skoðað þroska nemandans.

Flýting

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla (bls. 50) er fjallað um flýtingu. Í 2. kafla 11. greinar erindisbréfs fyrir skólastjóra segir: “Að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu getur skólastjóri heimilað að barn hefji skólagöngu fyrr eða síðar en grunnskólalög segja til um. Skólastjóri getur í samráði við sérfræðiþjónustu og forráðamenn heimilað nemanda að ljúka skyldunámi á skemmri tíma en 10 árum.”

Þegar Skólaskrifstofan er beðin um álit vegna hugmynda um flýtingu eru eftirfarandi þættir m.a. skoðaðir:

- ▶ Kunnátta og þroski þarf að vera eins og best gerist hjá ári eldri börnum. Leiða þarf líkum að því að barnið tilheyri námslega efsta þriðjungi ári eldri barna.
- ▶ Greind þarf helst að ná 130 stigum.
- ▶ Líkamsþroski og heilsufar þarf að vera gott.
- ▶ Barnið þarf að vera færmt um að aðlagast auðveldlega nýjum aðstæðum og vera vel færmt um að standa á rétti sínum gagnvart öðrum börnum.



Áður en tilvísun um flýtingarhugmynd er send, á skólinn að athuga hvort hugmynd forráðamanna um flýtingu er ný af nálinni og hvort þeir hafa hugsað um kosti hennar og galla. Ef hugmyndir forráðamanna eru óljósar er skynsamlegt að benda þeim á að hafa samband við Skólaskrifstofuna til að fá upplýsingar, áður en formleg tilvísun er send.

Seinkun

Í 2. kafla 11. greinar um erindisbréf fyrir skólastjóra segir: “Að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu getur skólastjóri heimilað að barn hefji skólagöngu fyrir eða síðar en grunnskólalög segja til um.”

Seinkun er úrræði sem er æ sjaldnar beitt í dag, enda hefur árangur þess oft verið misjafn. Barn sem gengur illa að læra meðal jafnaldra og er seinkað, kann að eiga miklu verri vist meðal ári yngri barna, sérstaklega ef það stendur sig ekki vel þar. Ein höfuðforsendan fyrir seinkun er að sterkar líkur séu á að barninu gangi mjög vel út sína skólagöngu meðal ári yngri nemenda, að for-eldrarnir styðji seinkunina og að barnið sé sátt við hana.



Áður en tilvísun um seinkunarhugmynd er send, þarf skólinn að athuga hvort hugmynd forráðamanna um seinkunina er ný af nálinni og hvort þeir hafa hugsað um kosti hennar og galla. Ef hugmyndir forráðamanna eru óljósar er skynsamlegt að benda þeim á að hafa samband við Skólaskrifstofuna til að fá upplýsingar, áður en formleg tilvísun er send.

Gátlisti fyrir mál, tal og rödd

Skimun kennara á mál/talvanda nemanda

1. Á nemandinn í erfiðleikum með framburð?
 - a) Nemandinn skiptir út einu hljóði fyrir annað (köttur>töttur/ kaka>tata).
 - b) Nemandinn sleppir hljóði eða atkvæði úr orði
(slökkviliðsmaður> slökkmaður; bóndabænum>bóndænum)
 - c) Nemandinn sleppir endingum orða (maður>mað).
 - d) Nemandinn afbakar hljóð.
 - e) Erfitt er að skilja samfellt mál nemandans.
 - f) Tal nemandans hefur áhrif á líðan hans.
2. Stamar nemandinn?
 - a) Nemandinn endurtekur hljóð, atkvæði eða orð í setningu oftar en eðlilegt getur talist.
 - b) Nemandinn á í baráttu með að koma orðunum frá sér.
 - c) Nemandinn grettir sig eða geiflar óeðlilega við að koma frá sér orðunum.
 - d) Nemandinn talar hraðar eða hægar en eðlilegt getur talist; ræður ekki við talhraðann.
3. Er rödd nemandans óeðlileg?
 - a) Nemandinn talar í hærri tónhæð en eðlilegt getur talist.
 - b) Rödd nemandans er eintóna.
 - c) Hæsi hefur verið áberandi hjá nemandanum í langan tíma án ástæðu.
 - d) Nemandinn hefur áberandi opið eða lokað nefmæli án þess að um kvef sé að ræða.
4. Á nemandinn erfitt með að fylgja munnlegum fyrirmælum?
 - a) Biður iðulega um að fyrirmæli séu endurtekin.
 - b) Miskilur óeðlilega oft það sem sagt er.
 - c) Svör hans/hennar eru iðulega á skjön við það sem spurt er um.
 - d) Nemandinn gleymir iðulega fyrirmælum um leið og þau eru gefin eða man bara hluta af þeim.
 - f) Nemandinn trufast mjög auðveldlega og þreytist þegar hann á að hlusta.

- g) Nemandinn skilur betur skrifuð fyrirmæli en töluð.
- h) Nemandinn mismælir sig óðlilega oft og rekur í vörðurnar í samfelldu máli.
- i) Málvarsleg geta nemandans er ekki í samræmi annað.(Kennara finnst að nemandinn geti meira en hann sýnir)
5. Á nemandinn í tjáningarerfiðleikum?
- a) Nemandinn sleppir oft smáorðum eða áherslulitlum orðum úr setningum.
- b) Orðaforði nemandans er fátæklegur/einfaldur.
- c) Nemandinn á erfitt með að endursegja frásögn/sögur; atburðarrás er ruglingsleg.
- d) Nemandinn notar stuttar einfaldar setningar; málfar líkist málfari yngri barna.
- e) Nemandinn notar óljóst málfar (“þú veist”, “eða þannig”)
- f) Nemandinn þarf oft að byrja aftur, endurtaka eða endurskoða það sem hann er að reyna að segja
- g) Nemandinn kemur sér undan að tjá sig, notar “ég veit það ekki”, “ég man það ekki” til að fela erfiðleika sína.
6. Er málhegðun nemandans óeðlileg?
- a) Nemandinn svarar ekki, heilsar ekki eða notar málið á óeðlilegan hátt til samskipta (virkar ókurteis sem er ekki í samræmi við annað).
- b) Nemandinn er oft úti á þekju í umræðum (í spjallkrók) og tekur ekki þátt.
- c) Nemandinn skiptir um umræðuefni á óviðeigandi hátt.
- d) Nemandinn hikar eða hefur langa þögn áður en hann svarar eða svarar alls ekki.
7. Er heyrn nemandans óeðlileg?
- a) Nemandinn hlustar illa á kennara.
- b) Nemandinn virðist utan við sig og fylgir illa því sem gerist í bekknum.
- c) Nemandinn misheyrir óeðlilega.
- d) Nemandinn þreytist fljótt og verður pirraður þegar umræður eru í gangi.
8. Hefur nemandinn verið athugaður af talmeinafræðingi?
Hefur nemandinn verið í talþjálfun?

Ath. að fylla út gátlista sem til er í skólanum og á slóð Skólaskrifstofu Suðurlands www.sudurland.is/skolasud áður en tilvísun er send vegna talmeina/framburðar.

Lestur og ritun

Gert er ráð fyrir að í allri lestrarkennslu sé farið eftir aldursmiðuðum markmiðum um lestur og lestrarkennslu í skólanámskrá, sem byggð eru á Aðalnámskrá grunnskóla.

Áður en beðið er um greiningu á lestrar- og ritunarerfiðleikum þarf að athuga eftirfarandi:

Yngri börn

- ▶ Að nemandinn sé marktækt slakari en bekkjarfélagarnir í lestri og ritun.
- ▶ Að stöðug lestrarþjálfun hafi verið í gangi bæði heima og í skólanum.
- ▶ Lesið hafi verið út úr útkomu úr Tove Krogh – teikniverkefni.
- ▶ Markviss málörvun og meðfylgjandi matspróf hafi verið notuð skipulega.
- ▶ Upplýsinga frá foreldrum/forráðamönnum varðandi heilsufar, máltöku og proskasögu hafi verið aflað.
- ▶ Fyrirliggjandi upplýsinga frá leikskóla og heilsugæslu hafi verið aflað með leyfi foreldra.
- ▶ Gengið hafi verið úr skugga um að lestrarerfiðleikarnir stafi ekki af skertri heyrn eða sjón.
- ▶ Niðurstöður úr LÆSI í nóvember, febrúar og maí í 1. bekk og um miðjan vetur og undir vor í 2. bekk hafi verið skoðaðar gaumgæfilega. Lesið úr skráningarblöðunum bæði fyrir hópa og einstaklinga. Hægt er að fá aðstoð kennsluráðgjafa Skólaskrifstofu við að túlka niðurstöður. Hugmyndahefni LÆSI-prófanna hafi verið nýtt varðandi þjálfun einstakra nemenda í einstökum færniþáttum. (Skráning á framvindu nauðsynleg).
- ▶ Niðurstöður úr HLJÓM-II sem lagt er fyrir á síðasta ári í leikskóla.
- ▶ Niðurstöður hreyfiþroskaprófs frá íþróttakennara hafi verið athugaðar.
- ▶ Álit foreldra/forráðamanna á stöðu nemandans í lestri og ritun liggja fyrir.
- ▶ Athugað hafi verið hvort fjölskyldusaga um lestrarörðugleika sé til staðar.

Eldri börn

- ▶ Að nemandinn sé marktækt slakari en bekkjarfélagarnir í lestri og/eða ritun (a.m.k. tveimur árum á eftir).
- ▶ Framfarir hafi verið hægar eða stöðnun í lestrar- og/eða ritunarferlinu.
- ▶ Niðurstöður fyrri greininga hafi verið skoðaðar gaumgæfilega og unnið samkvæmt þeim.
- ▶ Athugaðar hafi verið niðurstöður samræmdra prófa, bæði á bekkjarvísu og hvað varðar einstaklinga.
- ▶ Álit foreldra/forráðamanna á stöðu nemandans í lestri og ritun liggja fyrir.
- ▶ Ef um mjög slaka námsástundun nemandans er að ræða og heimavinnu er lítið sem ekkert fylgt eftir, þarf fyrst að setja markmið hvað það varðar, fyrir ákveðið tímabil í samráði við foreldra/forráðamenn og meta síðan árangur.
- ▶ Álit nemandans sjálfs á stöðu í lestri og ritun (elstu nemendur).
- ▶ Niðurstöður lesskilningsprófa hafi verið skoðuð.
- ▶ Stöðug lestrarþjálfun hafi verið í gangi. Mikilvægt er að lestrarþjálfun ljúki ekki fyrr en barnið hefur náð viðunandi færni í lestri.
- ▶ Viðmið um æskilegan lestrarhraða miðað við aldur hafi verið skoðuð.
- ▶ Athugað hafi verið hvort fjölskyldusaga um lestrarörðugleika sé til staðar.

Stærðfræði

Gert er ráð fyrir að í stærðfræðikennslu sé farið eftir aldursmiðaðum markmiðum í skólanámskrá, sem byggð eru á Aðalnámskrá grunnskóla.

Stærðfræðigreiningarprófið Talnalykill er staðlað út frá eldra námsefni í stærðfræði, 1A – 6B. Í dag nota flestir skólar námsefnið Einingu að stærstum hluta. Af þeim sökum teljum við að Talnalykill henti síður til að greina stærðfræðierfiðleika í yngri bekkjunum. Bendum við kennurum á að nota þess í stað námsmatsverkefni sem fylgja verkefnamöppu Einingabókanna.

Áður en beðið er um greiningu á stærðfræðierfiðleikum þarf að athuga eftirfarandi:

- ▶ Niðurstöður námsmatsverkefna úr Einingu séu skoðaðar og unnið með erfiðleika nemandans í framhaldi af því.
- ▶ Lesið hafi verið í útkomu úr Tove Krogh – teikniverkefni (á við yngstu nemendur).
- ▶ Niðurstöður allra fyrri námsgreininga hafi verið skoðaðar gaumgæfilega, séu þær fyrir hendi.
- ▶ Upplýsinga frá foreldrum/forráðamönnum varðandi heilsufar, máltöku og þroskasögu hafi verið aflað.
- ▶ Fyrliggjandi upplýsinga frá leikskóla og heilsugæslu hafi verið aflað með leyfi foreldra.
- ▶ Niðurstöður hreyfiproskaprófs frá íþróttakennara hafi verið athugaðar.
- ▶ Að nemandinn sé marktækt slakari en bekkjarfélagarnir í stærðfræði.
- ▶ Athugaðar hafi verið niðurstöður einstakra þátta samræmdra prófa, bæði á bekkjarvísu og hvað varðar einstaklinga.
- ▶ Álit foreldra/forráðamanna á stöðu nemandans í stærðfræði liggja fyrir.
- ▶ Álits nemandans sjálfs á stöðu í stærðfræði sé aflað (elstu nemendur).
- ▶ Ef um mjög slaka námsástundun nemandans er að ræða og heimavinnu er lítið sem ekkert fylgt eftir, þarf fyrst að setja markmið hvað það varðar, fyrir ákveðið tímabil í samráði við foreldra, og meta síðan árangur.

Upplýsingar um eðli mála sem vísað er til sálfræðipjónustu.

Við frumgreiningu á líðan, geðröskunum eða tengdum málum eru vönduð svör við eftirfarandi spurningum mikilvæg. Svörin geta gefið góða yfirsýn við upphaf máls og auðveldað vinnslu þess. Mikilvægt er að tilvísandi eða sá sem þekkir barnið best svari spurningunum samviskusamlega. Svör við spurningunum geta endurspeglað sýn eða viðhorf tilvísanda meðan önnur krefjast upplýsingaöflunar. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

A. Almennar spurningar sem eiga við allar tilvísanir.

- ▶ Hvenær var fyrst tekið eftir vandanum?
- ▶ Hefur verið staðfest hvort vandinn sé læknisfræðilegur?
 - ✦ Ef já, lýsið nánar.
- ▶ Er barnið á lyfjum?
 - ✦ Ef já, hvaða lyfjum og hversu lengi?
- ▶ Hversu lengi hafa erfiðleikar verið til staðar?
- ▶ Hversu oft á hegðunin sér stað? Hefur hlutlæg skráning farið fram?
 - ✦ Ef já, hver skráði?
- ▶ Hverjir aðrir hafa tekið eftir vandanum? (Nafn/nöfn viðkomandi kennara/aðila)
- ▶ Hvað hefur skóli gert til að mæta þessum erfiðleikum og hvernig gafst það? (sérkennsla, einstaklingsnámskrá, umbunarkerfi, samskiptabók, o.fl.)
- ▶ Lýsið styrkleikum nemandans.
- ▶ Lýsið veikleikum nemandans.
- ▶ Eru skóli og forráðamenn sammála um vandann og aðgerðir? Hverjar eru þær, hvaða hugmyndir hafa verið ræddar?
- ▶ Er skólinn tilbúinn að vinna eftir ráðleggingum sérfræðipjónustu? Hver er ábyrgur fyrir þeirri vinnu?
- ▶ Af hverju hafa tilvísendur mestar áhyggjur?

- ▶ Hvers væntir tilvísandi?
- ▶ Hversu áriðandi er upptaka málsins?

B. Svareð aðeins þeim spurningum sem eiga við um atferli eða líðan viðkomandi barns

1. Slæm skólasókn:

- ▶ Hversu lengi hefur ástandið varað?
- ▶ Hversu oft í viku?
- ▶ Er það bundið við einhverja sérstaka tíma?

2. Hegðunarvandkvæði:

- ▶ Lýsið hegðun og skilgreinið hegðunarvanda (*undanfari/aðdragandi, hverjir áttu í hlut, hvernig var brugðist við, hverjar voru málalyktir?*)
- ▶ Hvar á hegðunarvandinn sér stað? (*í frímínútum, inni í stofu, á göngum, á skólalóð, annars staðar?*)

3. Slæm líðan:

- ▶ Má rekja vanlíðan til skóla?
- ▶ Má rekja vanlíðan til heimilisaðstæðna?
- ▶ Er grunur um einelti?
 - ✦ Er það sí-endurtekið?
 - ✦ Félagslegt, líkamlegt, andlegt?
 - ✦ Á barnið hlut að máli?
 - ✦ Hefur verið rætt við barnið?
 - ✦ Hverjir, hvar, hvað, hver sá hvað gerðist?
 - ✦ Hefur verið unnið eftir eineltisáætlun?
 - Ef já, í hverju fólst hún?

4. Er grunur um geðrænan vanda eða neyslu?

- ▶ Þunglyndi?
- ▶ Kvíða?

- ▶ Eru kvartanir vegna líkamlegra einkenna?
- ▶ Er grunur um neyslu vímuefna?
 - ↳ Hvaða?

5. Aðlögunarerfiðleikar

- ▶ Vegna flutnings?
- ▶ Vegna skilnaðar?
- ▶ Hafa orðið aðrar breytingar heima fyrir svo vitað sé?

6. Félagstengsl

- ▶ Á barnið vini í skólanum?
- ▶ Eru félagar yngri/eldri?
- ▶ Finnst barninu það vera félagslega einangrað?
- ▶ Er barnið félagslega einangrað vegna búsetu?
- ▶ Helst því illa á vinum?
- ▶ Hvaða áhugamál á barnið?
- ▶ Í hvaða þáttum skólastarfsins nýtur barnið sín best?

7. Einbeitingarskortur/ofvirkni

- ▶ Voru einkennin til staðar á forskólaárum?
- ▶ Er hegðun mjög frábrugðin hegðun annarra jafnaldra í bekknum?
 - ↳ Hvernig?
- ▶ Hversu lengi hefur hegðunarvandi staðið yfir?
- ▶ Eykst hegðunin við ákveðnar aðstæður?
 - ↳ Hvaða?
- ▶ Eru aðstæður í skóla þar sem hegðun á sér ekki stað?
 - ↳ Ef já, hvar?
- ▶ Á barnið auðveldara með að taka við einstaklingsmiðuðum fyrirætlum?

Hvers geta skólar á Suðurlandi vænst af Skólaskrifstofu Suðurlands?

Úr stofnsamningi Skólaskrifstofu Suðurlands:

2. Verkefni skólaskrifstofunnar eru eftirfarandi:
 - a) Ráðgjöf skv. 42. og 43. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995:

(42.) Almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf er taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr., námsráðgjöf og sálfræðiþjónusta.

(43) Kennurum og skólastjórnendum skal standa til boða ráðgjöf og stuðningur sérfræðiþjónustu vegna almenns skólastarfs og einnig vegna nýbreytni- og þróunarstarfa. Sérfræðiþjónusta skal gefa forráðamönnum kost á leiðbeiningum um uppeldi nemenda eftir því sem aðstæður leyfa. Þá skulu starfsmenn sérfræðiþjónustu vinna að forvarnarstarfi með athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í sálrænum- og félagslegum erfiðleikum hafi þessir erfiðleikar áhrif á nemanda og gera tillögur um úrbætur.
 - b) Skýrslugerð og upplýsingagjöf til skóla, sveitarstjórna og annarra opinberra aðila.
 - c) Umsjón með gagna- og upplýsingasafni fyrir skólana.
 - d) Umsjón með endurmenntun fyrir kennara í samvinnu við háskólastofnanir á uppeldissviði, námskeiðahald fyrir starfsfólk grunnskólanna og aðstoð við þróunar- og nýbreytnistarf í grunnskólunum.
 - e) Eftirlit og aðstoð við Sérdeild Suðurlands.
 - f) Ráðgjöf fyrir leikskóla sbr. lög nr. 78/1994.

15. gr. Börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.

16. gr. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir leikskóla skal veita foreldrum barna og starfsfólki leikskóla nauðsynlega ráðgjöf og þjónustu sem nánar verður kveðið á um í reglugerð um starfssvið þjónustunnar. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir leikskóla getur verið rekin sameiginlega með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla.

Samið var við aðildarsveitarfélögin um að Skólaskrifstofa Suðurlands sjái um eftirfarandi rekstrarþætti:

- a) Sálfræðilega ráðgjöf
- b) Almenna kennslufræðilega ráðgjöf
- c) Endurmenntun starfsmanna
- d) Gagnasafn
- e) Ráðgjöf og aðstoð við Sérdeild Suðurlands
- f) Sérkennsluráðgjöf (þ.m.t. talkennsluráðgjöf)
- g) Leikskólaráðgjöf
- h) Auk þess er heimild til að víkka út sérfræðipjónustu á þeim sviðum sem þörf krefur hverju sinni sem nemur 1 stöðugildi. Skal gert ráð fyrir stöðugildinu í fjárhagsáætlun hverju sinni og einungis ráðið í það tímabundið í eitt ár til tilraunar í byrjun. Að ári liðnu er metið hvort ástæða er til að festa þjónustuna eða hætta henni.

Skólaskrifstofan hefur ekki stjórnábylgjuvald yfir skólum, skólanefndum eða sveitarstjórnnum, heldur er hún ráðgjafar- og þjónustustofnun sem ætlað er að aðstoða og styðja skóla til sjálfstæðra vinnubragða.

Meðferð er ekki hluti af verkefnum Skólaskrifstofu Suðurlands. Um meðferð sjá m.a. eftirtaldir aðilar:

- **Geðheilbrigði:** Sálfræðingar heilsugæslu eða sálfræðingar á vegum félagsþjónustu, allt eftir eðli málsins. Einnig má leita til Barna- og unglingsgeðdeilda eða annarra sérfræðinga.
- **Talmei:** Tryggingastofnun ríkisins greiðir að hluta fyrir þjálfun barna sem uppfylla ákveðin viðmið. Talmeinafræðingar sem sjá um meðferð starfa á eigin vegum.
- **Heimilislæknar** geta einnig vísað á sérfræðinga á öðrum sviðum, s.s. **iðjupjálfa** og **sjúkráþjálfa**.

Barnaverndarmál

Skólaskrifstofa Suðurlands tekur ekki að sér fyrir hönd skólanna að tilkynna mál til barnaverndaryfirvalda. Þurfi skólarnir að tilkynna mál er æskilegt að þeir geri það sem stofnun, en sú ábyrgð sé ekki sett á herðar einstakra starfsmanna. Starfsmenn Skólaskrifstofunnar eru engu að síður reiðubúnir til að veita ráðgjöf á þessu sviði.

Ýmsar upplýsingar úr lögum og reglugerðum:

Lög um grunnskóla nr. 66 1995

VII. kafli: Sérfræðipjónusta

43. gr.

...Starfsmenn skóla og heilsugæslu geta lagt fram ósk um athugun (*greining á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum ef þessir erfiðleikar hafa áhrif á nám nemenda*) að fengnu samþykki forráðamanna.

IX. kafli: Námsmat

44. gr.

Með námsmati í grunnskóla skal afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólastarfsins. *Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim.*

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995

VIII. kafli: Aðstoð og þjálfun leikskólabarna

22. gr.

Telji leikskólastjóri, leikskólakennari og forsjáraðilar að barn þarfnist sérstakrar aðstoðar eða þjálfunar til að geta notið leikskóladvalar sem best, ber þeim að hafa samráð um hvort unnt sé að leysa málið innan leikskólans og/eða hvort leitað skuli til ráðgjafar- og sálfræðipjónustu. Verði aðilar sammála um að leita eftir slíkri þjónustu, er leikskólastjóra skylt að hafa þar forgöngu. Meginstefnan skal vera sú að þessi aðstoð og/eða þjálfun fari fram í leikskóla barnsins.

23. gr.

.... Leikskólastjóri/leikskólakennarar skipuleggja í samráði við ráðgjafar – og sálfræðipjónustu sérstaka aðstoð og þjálfun barna í leikskólanum. Ávallt skal taka tillit til heildaraðstæðna barnsins, hvort sem aðstoðin eða þjálfunin er sniðin að einstaklingi eða hópi barna.

Reglugerð um sérkennslu nr. 389 1996

3. gr.

Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans.

Sérkennsla einstakra nemenda eða nemendahópa fer fram innan eða utan almennra bekkjardeilda í sérdeildum, sérskólum eða annars staðar.

Í sérkennslu felst m.a.:

- a) Gerð rökstuddrar námsáætlunar fyrir nemendahóp eða hvern einstakling sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og á athugun á mati á stöðu hans í námi og þroska. Tilgreind skulu langfíma- og skammfíma-markmið með kennslunni.
- b) Kennsla skv. námsáætlun.
- c) Skipuleg skráning og regluleg endurskoðun á námsáætlun og kennslu.

12. gr.

Umsjónarkennari skal fylgjast með námi og þroska nemenda sinna, leiðbeina þeim og hafa reglulegt samband við forráðamenn þeirra. Umsjónarkennari skal einnig fylgjast með námi nemenda sinna hjá öðrum kennurum, þ.m.t. í sérkennslu.